

## GJALDSKRÁ fyrir Rafveitu Akureyrar.

### I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

- A—1 Kr. 57.20 hver kWst. til lýsingar.  
A—2 Kr. 16.23 hver kWst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 8 272.00 á ári fyrir 25 m<sup>2</sup> gólfplöt, eða minna af gólfleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 246.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 m<sup>2</sup>.

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kælikápa og 1-fasa mótoru upp að 3 kW. og greiði notandi aukagjald fyrir hver kW. sem svarar til gjalds fyrir 38 fermetra gólfplatar.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

- B—1 Um tvo kWst.-mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Kr. 57.20 hver kWst. til ljósa og kr. 13.10 hver kWst. til suðu og hitunar.  
B—2 Kr. 10.82 hver kWst. til heimilisnotkunar. Auk þess greiðist fastagjald kr. 87.00 á ári af hverjum fermetra gólfplatar íbúðar. Við útreikning á gólfleti skal telja öll herbergi og eldhús, ennfremur ganga, baðherbergi, geymslur og bílskúra.  
B—3 Sérstaxti Sundlaugar Akureyrar. Kr. 11.27 hver kWst. og fastagjald ákveðið af stjórn Rafveitu Akureyrar.

#### C. Vélanotkun.

- C—1 Kr. 27.60 hver kWst. til iðnaðar.  
C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kw. er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 9 114.00 hvert kw. upp að 50 kw. og kr. 4.68 hver kWst. fyrir fyrstu 200 000 kWst. ársnotkun.  
C—3 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kw. er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 8 096.00 hvert kw. sem er fram yfir 50 kw. og kr. 4.41 hver kWst. sem er umfram 200 000 kWst.  
C—4 Kr. 16.19 hver kWst., ef um meira en 30 kw. er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári.  
C—5 Kr. 17.01 hver kWst., fyrir búrekstur.  
C—6 Sérstaxti Gefjunar, kr. 2.08/1.88 hver kWst. og kr. 17 246.00 hvert kw.  
C—7 Sérstaxti Iðunnar, gufuketill, kr. 2.59 hver kWst.

**D. Hitun.**

- D—1 Kr. 3.25 hver kWst. til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
- D—2 Kr. 4.40 hver kWst. til upphitunar um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.
- D—3 Kr. 2.56 hver kWst. til upphitunar um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
- D—4 Kr. 1.98 hver kWst. til upphitunar (næturhitun), ef straumurinn er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.
- D—5 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 2.01 hver kWst. á tímabilinu 1. okt. til 30. apríl.
- D—6 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 1.76 hver kWst. á tímabilinu 1. maí til 30. sept.
- D—7 Sértaxti til upphitunar kr. 2.71 hver kWst. utan mesta álagstíma á vetrum. Rofið í um það bil 6 mánuði. Bundið því skilyrði að annar upphitunarmögu-leiki sé fyrir hendi.

**E. Hitun í iðnaði.**

- E—1 Kr. 7.38 hver kWst. til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.
- E—2 Kr. 9.60 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.
- E—3 Kr. 4.68 hver kWst. um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til 8.
- E—4 Kr. 5.58 hver kWst. til súgþurrkunar.
- F—1 Sértaxti Málmhúðunarinnar, kr. 5.08 hver kWst. til iðnaðar.

**Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:**

- Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notandi kosti tengingu stjórnækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

**Önnur notkun.**

- Rafveitustjórn getur, með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði, að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitustjóra.
- Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
- Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

**II. MÆLALEIGUR**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverja, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

	Upp að 30 Amp. kr.	30—50 Amp. kr.	50—100 Amp. kr.	100—500 Amp. kr.	Yfir 500 Amp. kr.
1-fasa kWst.-mælar . . . . .	835.00	1 030.00	1 121.00		
3-fasa kWst.-mælar . . . . .	1 372.00	2 173.00	2 800.00	4 662.00	10 255.00
Tvígjalds- og mestastr. mælar		2 800.00	4 662.00	7 509.00	15 035.00
Skiptirofar/skiptiklukkur . .		3 463.00			

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

#### IV. HEIMTAUGAGJÖLD

1. Heimtaugagjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Akureyrar, og skal það greitt við umsókn, eða samtímis og greiðsla annarra byggingargjalda fer fram.
2. Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur Málraun		Stofngjald		Lengdargjald		Umframgjald
		Jarðstr. kr.	Loftlína kr.	Jarðstr. kr./m.	Loftlína kr./stólpi	Loftlína kr./stólpi
25 A	1-fasa	—	9.400.00	—	Innif.	16 850.00
25 A	3-fasa	—	14 000.00	—	—	23 400.00
63 A	1-fasa	68 000.00	14 000.00	Innif.	—	23 400.00
63 A	3-fasa	74 200.00	15 800.00	—	—	26 200.00
110 A	3-fasa	92 400.00	18 700.00	—	—	32 800.00
200 A	3-fasa	52 700.00	—	3 860.00	—	—
315 A	3-fasa	160 000.00	—	5 270.00	—	—
300 KVA	3-fasa	426 000.00	—	Skv. kostn.	—	—
500 KVA	3-fasa	679 000.00	—	—	—	—
800 KVA	3-fasa	1 100 000.00	—	—	—	—

3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugagjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekings notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugagjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá næsta útitingiskáp eða rofa í spennistöð að stofnvarskassa eða stofntengikassa í hitaveitu.
7. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 m. innan lóðamarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðamarka í loftlínuheimtaug.

#### IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduroppnun veitunnar kr. 750.00. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefir greitt gjald til rafveitunnar kr. 750.00 og sett viðeigandi vör.
3. Söluskattur 17%, 2% viðlagasjóðsgjald og 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðarhitunnar, eru innifalín í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.

4. Verðjöfnunargjald 13% samkvæmt lögum um verðjöfnunargjald af raforku, er innifalið í gjöldum þeim, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, að undanteknum D-liðum.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 261 29. júní 1976.

*Iðnaðarráðuneytið, 18. febrúar 1977.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

## REGLUGERÐ

**um lágmarksbúnað loftfara til sjónflugs, næturflugs, blindflugs, óbyggðaflugs og flugs yfir sjó.**

### 1. Almenn.

- 1.1. Auk þess búnaðar sem krafist er fyrir lofthæfi, þá skulu íslenskar flugvélar a. m. k. hafa búnað þann, sem hér greinir, í sjónflugi, næturflugi, blindflugi, óbyggðaflugi og flugi yfir sjó.
- 1.2. Mælitækjum og öðrum búnaði skal þannig fyrir komið að flugliðar geti auðveldlega lesið af þeim eða náð til þeirra, eftir því sem við á, úr sæti sínu.
- 1.3. Björgunarvesti fyrir áhöfn og farþega skulu ávallt vera í íslenskum loftförum. Þó þarf ekki björgunarvesti í svifflugum sem notaðar eru fjarri sjó og stórum vötnum.
- 1.4. Viðurkenndir sjúkarakassar skulu ávallt vera um borð í íslenskum loftförum.
- 1.5. Slökkvitæki af viðurkenndri gerð skulu ávallt vera um borð í vélknúnum íslenskum loftförum.

### 2. Flugmælitæki.

- 2.1. Til sjónflugs skal flugvél a. m. k. hafa eftirfarandi búnað:
  - a) Hraðamæli.
  - b) Hæðarmæli (mælikvarði í fetum).
  - c) Seguláttavita.
- 2.2. Til blindflugs og næturflugs skal flugvél a. m. k. hafa eftirfarandi búnað:
  - a) Hraðamæli tengdan kerfi sem hefur búnað til að hindra skekkjur vegna ismyndunar eða vatnspéttingar (t. d. pitot-hitara).
  - b) Tvo hæðarmæla, með mælikvarða í fetum, og skal a. m. k. annar þeirra vera næmur (sensitive) og vera við sæti flugmanns.
  - c) Seguláttavita.
  - d) Klífurmæli (rate of climb).
  - e) Snúðu-beygju og hallamæli (turn and bank).
  - f) Snúðu- gervisjóndeildarhring (artificial horizon).
  - g) Stefnusnúðu (directional gyro).
  - h) Búnað sem sýnir hvort aflagjafi snúðumælitækjanna er í lagi.
  - i) Klukku með sekúnduvísi.